# UPPLÝSINGARFUNDUR REKTORS

6. MAÍ 2021

JÓN ATLI BENEDIKTSSON, REKTOR



# DAGSKRÁ

1. Efst á baugi – Jón Atli Benediktsson, rektor
2. Staða jafnlaunavottunar í Háskóla Íslands og niðurstöður launagreiningar – Ragnhildur Ísaksdóttir, sviðsstjóri mannauðssviðs



Susan Hunter, President Emerita,
University of Maine, BNA, formaður



Abbe Brown, Dean for Student Support,
University of Aberdeen, Skotlandi



Sijbolt Noorda, President,
Magna Charta Obervatory,
Bologna, Ítalíu



Dorte Salskov-Iversen, Head of the Department of Management, Society and Communication (MSc), Copenhagen Business School, Danmörku



Philip Nolan, President,
Maynooth University, Írlandi



Bjarki Þór Grönfeldt, doktorsnemi í sálfræði við University of Kent, UK
Fulltrúi LÍS



Raymond Smith, Higher Education Consultant, Bretlandi. Ritari hópsins

# HEIMSÓKN YTRI MATSHÓPS VEGNA ÚTTEKTAR Á HÍ 3.-7. MAÍ

# NÆSTU SKREF

- 20. maí: Frumniðurstaða („Headline Letter“) liggur fyrir
- 2. júlí: Drög að skýrslu ytri matshóps send rektor
- 16. júlí: Lokafrestur til að skila athugasemdum
- 13. sept.: Fundur rektors með Gæðaráði íslenskra háskóla
- 21. sept.: Endanleg skýrsla send rektor
- 28. sept.: Skýrslan birt opinberlega á heimasíðu Gæðaráðs

# NÝ STEFNA HÁSKÓLA ÍSLANDS 2021-2026



# STEFNUMÓTUNARFERLIÐ

| *Sept-okt ´20* | *Nóv ´20-feb ´21* | *Mars-apríl ´21* | *Apríl-maí ´21* | *Maí-júní ´21* |
|---|---|---|---|---|
| Undirbúningur<br>Skipun stýrihóps<br>Mótun ferlis<br>Greining gagna | Innleggsfasi samráðs<br>Mótun stefnuramma | Rýnifasi samráðs<br>Mótun verkefnastofna | Mótun innleiðingar-áætlunar og mælikvarða | Samstilling og samþykkt |

- Rýnifasa samráðs er lokið. Unnið hefur verið úr niðurstöðum samráðskönnunar um stefnudrögin og öðrum athugasemdum
- Tillaga að verkefnastofnum liggur fyrir sem verið er að kynna stjórnendum og háskólaráði

HÁSKÓLI ÍSLANDS

FRAMTÍÐARSÝN HÍ26

# BETRI HÁSKÓLI – BETRA SAMFÉLAG

Skólinn skapar opið og fjölbreytt umhverfi náms og rannsókna, er í sterku sambandi við meginstoðir samfélagsins og í víðtæku samstarfi við háskóla og þekkingarsetur um allan heim

Með því að tryggja óskorað traust byggt á gæðum, jafnrétti og sjálfbærni á öllum sviðum getur skólinn rækt forystuhlutverk sitt í þekkingarsköpun samfélagsins

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# HVAÐ EINKENNIR HÍ ÁRIÐ 2026?

**BETRI HÁSKÓLI – BETRA SAMFÉLAG**

**OPIN OG ALÞJÓÐLEG**

**SJÁLFBÆRNI OG FJÖLBREYTILEIKI**

**AFL Á GRUNNI GÆÐA**

**GÓÐUR VINNUSTAÐUR**

Stefnuáherslurnar kallast vel á við stefnuskjal *European University Assocation* (EUA) til 2030, „Universities without walls“

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐSKÖNNUNAR Í RÝNIFASA

- Netkönnun lögð fyrir nemendur og starfsfólk skólans þar sem spurt var um drög stefnunnar
- Send út 30. mars og ósk um þátttöku var ítrekuð 13. apríl. Alls svaraði 331 könnuninni
- Spurt nokkurra lokaðra spurninga en einnig óskað eftir skriflegum athugasemdum í opnu svari. Ríflega 100 skriflegar athugasemdir bárust sem unnið hefur verið úr






HÁSKÓLI ÍSLANDS

# FORGANGSRÖÐUN MARKMIÐA




- Þátttakendur beðnir að velja þau fimm sem skiptu mestu máli að Háskólinn næði árangri á
- Þau fimm markmið sem flestir forgangsröðuðu voru Gæði náms í fyrirrúmi (52%), Vandað framhaldsnám og Mannauður og starfsgleði (43%), Framúrskarandi vísindi (40%) og Innviðir rannsókna og kennslu (36%)

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# STEFNUMÓTUNARFERLIÐ

| *Sept-okt ´20* | *Nóv ´20-feb ´21* | *Mars-apríl ´21* | *Apríl-maí ´21* | *Maí-júní ´21* |
|---|---|---|---|---|
| Undirbúningur<br>Skipun stýrihóps<br>Mótun ferlis<br>Greining gagna | Innleggsfasi samráðs<br>Mótun stefnuramma | Rýnifasi samráðs<br>Mótun verkefnastofna | Mótun innleiðingar-áætlunar og mælikvarða | Samstilling og samþykkt |

- Verið er að móta áætlun um innleiðingu og endurskoða og skilgreina mælikvarða til að vakta framgang og árangur stefnuinnleiðingar
- Lokasamstilling fer fram á fundum stjórnenda í maí, á háskólaþingi 25. maí og áætlað er að stefnan verði samþykkt á fundi háskólaráðs 3. júní


NÝTT INNTAK – NÝTT ÚTLIT

# TILLÖGUR

NÝR TÓNN OG NÝTT ÚTLIT

- Áhersla á myndmál og notkun ljósmynda
- Birting og útfærsla texta í myndum áberandi, snyrtileg og einföld
- Einfalt og sveigjanlegt að koma skýrum og skorinorðum textaskilaboðum á framfæri
- Mikill stafrænn styrkur
- HÍ í háskerpu - sterk skírskotun í tal nær allra um skólann
- HÍ er í anda nútímans, tungutaks yngri markhópa – við erum öll HÍ!
- Tillögur að skilaboðum út frá staðfærslu eru skýrar og hafa vísun í sögu skólans og leggja áherslu á traust og hvað hann hefur að bjóða í samtímanum

ENN EMM

ÖFLUGUR GRUNNUR TIL AÐ **VINNA ÁFRAM OG ÞRÓA**


10:30
Friday
29
Mail
Calendar
Reminders
Apple News
280
HÍ
Maps
Háskóli Íslands
Weather
FaceTime
Home
Notes
Stocks
iCloud Drive




FB / INSTAGRAM




Miðjufleki visir 1920x1080



Höfum verið að
læra eitthvað
nýtt síðan 1911
UMSÓKNIR Á HI.IS
HÍ




Höfum verið að
undirbúa komu
þína síðan 1911
UMSÓKNIR Á HI.IS
HÍ


Höfum verið að
undirbúa komu
þína síðan 1911
UMSÓKNIR Á HI.IS
HÍ

# NÝLIÐNIR VIÐBURÐIR






# VEL HEPPNAÐRI HÁSKÓLATÓNLEIKARÖÐ Í BEINU STREYMI LOKIÐ - ÞRÁÐURINN VERÐUR TEKINN UPP Í HAUST



TÓNLEIKAR STROKKVARTETTSINS SIGGI 30. APRÍL




- Vigdísarverðlaunin eru alþjóðleg menningarverðlaun sem kennd eru við Vigdísi Finnbogadóttur, fv. forseta Íslands
- Verðlaunin eru veitt árlega einstaklingi sem brotið hefur blað með störfum sínum í þágu menningar og tungumála
- Verðlaunin voru fyrst veitt á 90 ára afmæli Vigdísar 15. apríl 2010

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

# VIGDÍSARVERÐLAUNIN 2021



- Handhafi verðlaunanna í ár er Katti Frederiksen, fv. mennta- og menningarmálaráðherra Grænlands
- Katti Frederiksen hefur með eftirtektarverðum hætti vakið athygli á málefnum grænlenskrar tungu
- Með ljóðum, fræðaskrifum, barnabókum og þátttöku í opinberri umræðu hefur hún verið óþreytandi við að minna á mikilvægi grænlenskunnar fyrir samfélagið og hve brýnt sé að stuðla að vexti og viðgangi tungunnar svo hún megi nýtast á öllum sviðum þjóðlífs

## VIGDÍSARVERÐLAUNIN 2021



LAGT Á RÁÐIN UM AUKIN TENGSL VIÐ GRÆNLAND

# SAMSTARF VIÐ FÆREYJAR



- Formlegt rannsóknasamstarf Háskóla Íslands og Fróðskaparseturs Færeyja (FF) nær aftur til ársins 1990
- Þá var stofnuð sérstök Færeyjanefnd og ráðstefnuröðin Frændafundur sem fjallar um fjölbreytileg viðfangsefni sem tengjast Íslandi og Færeyjum
- Fyrsti frændafundur var á Íslandi 1992 og síðan hefur ráðstefnan verið haldin á þriggja ára fresti, til skiptis í Reykjavík og Þórshöfn
- Næsti frændafundur verður á Íslandi í ágúst 2022 og eftir það á tveggja ára fresti
- Færeyjanefnd gegnir mikilvægu hlutverki enda eru tækifæri til rannsóknarsamvinnu milli HÍ og FF langt frá því að vera fullnýtt
- Nefndina skipa Jóhannes Gísli Jónsson, prófessor við Hugvísindasvið, formaður. Kristinn Schram, dósent við Félagsvísindasvið, Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið, María Garðarsdóttir, aðjunkt við Hugvísindasvið, Kristín Jónsdóttir, dósent við Menntavísindasvið og Ólafur Pétur Pálsson, prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið



# JARÐVÍSINDAFÓLK HÁSKÓLA ÍSLANDS Í ELDLÍNUNNI
# - MIKILSVERT FRAMLAG Í ÞÁGU VÍSINDA OG SAMFÉLAGS



- Jarðvísindi við Háskóla Íslands eru í 87. sæti í heiminum skv. úttekt U.S. News & World Report á bestu háskólum heims
- Markmið úttektarinnar er m.a. að veita stúdentum upplýsingar til að bera saman styrk einstakra háskóla
- Úttekt U.S. News & World Report byggist á samskonar kvörðum og t.d. Times Higher Education og ShanghaiRanking Concultancy
- Við HÍ starfa jarðvísindamenn sem eru meðal þeirra fremstu í heiminum á sínu sviði. Þeir hafa tekið þátt í og stýrt stórum alþjóðlegum og þverfræðilegum rannsóknarverkefnum sem snerta hvers kyns jarðhræringar, eins og jarðskjálfta og eldgos, jöklafræði, jarðefnafræð, bergfræði, fjarkönnun og loftslagsfræði

# JARÐVÍSINDI Í FREMSTU RÖÐ Í HEIMINUM

- Háskóli Íslands er þriðja árið í röð á „University Impact Rankings“-lista Times Higher Education
- Á listanum eru þeir háskólar sem hafa mest samfélagsleg og efnahagsleg áhrif út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
- Heimsmarkmiðin eru 17 talsins og hafa þann tilgangi að leiða þjóðir heims í átt að sjálfbærari lifnaðarháttum
- Háskóli Íslands er nú í sæti 301-400 á listanum

# STERK ALÞJÓÐLEG STAÐA



# AURORA – FRAMTÍÐ ALÞJÓÐASAMSTARFS

AURORA
EUROPEAN UNIVERSITIES
ALLIANCE



- Mikill áhugi innan HÍ á Aurora samstarfinu
- Þökkum virka endurgjöf frá háskólasamfélaginu
- Kortlagning námskeiða og námsleiða í gangi
- Mikilvægur liður í að tengja fræðimenn saman
- Þróun Aurora verkefna gengur vel:
  - Námskeið fyrir starfsfólk í undirbúningi
  - Hönnun „SDG Education Dashboard“

AURORA
EUROPEAN UNIVERSITIES
ALLIANCE

- Nýr Aurora vefur – [hi.is/aurora](hi.is/aurora)
- Fréttir, tilkynningar og nánari upplýsingar um Aurora
- Markmiðið að vefurinn sé lifandi samfélag sem veitir innsýn í það áhugaverða starf sem nemendur og starfsfólk HÍ vinna að í tengslum við Aurora
- Aurora er einnig opið samfélag þar sem raddir nemenda og starfsfólks hjálpa okkur að móta áfram samstarfið



AURORA
EUROPEAN UNIVERSITIES
ALLIANCE

- Aurora biannual – rafrænn fundur 20.-21. maí
- Háskóli Íslands skipuleggur viðburðinn
- Mennta- og menningarmálaráðherra flytur erindi ásamt fulltrúum frá Evrópusambandinu, European University Association og Aurora háskólunum
- Horfum til framtíðar í Aurora samstarfinu og umræður um hvernig við getum hámarkað ávinning þess að vera í farabroddi í þróun háskólamála í Evrópu



AURORA
EUROPEAN UNIVERSITIES
ALLIANCE

- Aurora býður nemendum á aðra COVID ráðstefnu þann 7. maí 13-16
- Einstakt tækifæri fyrir nemendur frá öllum fræðasviðum til að kynnast sérfræðingum sem hafa verið virkir í að bregðast við og rannsaka yfirstandandi heimsfaraldur COVID-19
- Áhugasamir geta skráð sig til þátttöku með því að senda tölvupóst á netfangið: Maria.Fox@uea.ac.uk



# HÚSNÆÐISMÁL

- Hornsteinn lagður að nýju Húsi íslenskunnar 21. apríl sl.
- 50 ár liðin frá afhendingu fyrstu handritanna
- Háskóli Íslands á þriðjung hússins og mun það m.a. hýsa Íslensku- og menningardeild og íslenskuna á Menntavísindasviði
- Áformað er að taka húsið í notkun 2023



# HÚS ÍSLENSKUNNAR



HÚS ÍSLENSKUNNAR




# HÓTEL SAGA – VIÐRÆÐUR STANDA YFIR




# NÝR LANDSPÍTALI OG SAMEIGINLEGT HEILBRIGÐISVÍSINDAHÚS



GRÓSKA - SKÖPUN FRAMTÍÐARSTARFA FYRIR ÞEKKINGARSAMFÉLAG

# AF VETTVANGI FRÆÐASVIÐANNA



- Unnið úr húsnæðiskorti í kjölfar flóðs
- Stofnun Sæmundar fróða hefur flust til Félagsvísindasviðs
- Málþing 7. apríl: Þarf Afríka að fá bóluefni gegn COVID-19?
- Hádegisfundur Almannaheilla og Vaxandi 7. apríl: Markaðssetning félagasamtaka
- Ráðstefna um nýsköpun í öldrunarþjónustu 25. mars
- Rektor færði Benedikt Bogasyni, forseta Hæstaréttar, ritið „Hæstiréttur og Háskóli Íslands“ til heiðurs Hæstarétti 100 ára
- Fundur á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála 15. apríl: Ný lög um vernd uppljóstrara
- Öndvegisstyrkur til Valdimars Tr. Hafstein fyrir verkefnið „Samlífi manna og örvera í daglega lífinu“

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

# FRÁ FÉLAGSVÍSINDASVIÐI

- Vorþing haldið á Zoom 20. apríl. Unnið í hópum út frá stefnudrögum HÍ26 með áherslu á sýn og aðgerðir HVS
- Jafnréttisáætlun HVS 2021-2023 komin á netið. Tekur mið af jafnréttisáætlun HÍ 2018-2020 og stefnu HÍ
- Erna Sigurðardóttir hefur verið ráðin rekstrarstjóri HVS
- ORPHEUS ráðstefnan um gæði doktorsnáms var haldin rafrænt 22-24 apríl með þátttöku HVS
- Líf- og heilbrigðisvísindaráðstefna HÍ á vegum HVS haldin 2.-3. júní

- Bókin *Konur sem kjósa: Aldarsaga* eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur, Ragnheiði Kristjánsdóttur, Kristínu Svövu Tómasdóttur, og Þorgerði H. Þorvaldsdóttur hlaut nýverið Fjöruverðlaunin
- Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í ensku, hefur tekið sæti sem fulltrúi Íslands í stýrihóp og undirbúningsnefnd UNESCO vegna áratugar frumbyggjamála
- Ásdís Rósa Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, hefur verið sæmd heiðursorðu franska ríkisins fyrir fræðistörf sín á sviði franskrar tungu og bókmennta og gerð Chevalier de l'Ordre National du Mérite
- Úthlutun úr Menntasjóði Hugvísindasviðs – í ár voru veittir þrír styrkir úr sjóðnum
- Nú stendur nú yfir SVÓT-greining á doktorsnámi á Hugvísindasviði í kjölfar sjálfsmatsskýrslu um umgjörð rannsókna við sviðið. Í framhaldinu mun hver deild marka sér stefnu varðandi framboð, skipulagningu og umsýslu doktorsnáms

# FRÁ HUGVÍSINDASVIÐI

- Samningur við Samtökin 78 um fræðslu og ráðgjöf fyrir nemendur og kennara MVS um kynja-, jafnréttis-, og hinseginfræði. Tryggja á fræðslu fyrir alla grunnnema um kynhneigð og kyntjáningu og efla þekkingu á stöðu hinsegin fólks í menntakerfinu
- MVS falið af stjórnvöldum að styðja við nýsköpunar- og frumkvöðlamenntun í skólum landsins og að standa að verkefnum því tengdu, þ. á m. Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, Samsýningu framhaldsskólanna, keppninni Ungir frumkvöðlar, gerð náms- og stuðningsefnis fyrir nemendur og kennara á grunn- og framhaldsskólastigi, auk handleiðslu fyrir kennara
- Menntafléttan fer af stað – starfsþróunarnámskeið fyrir kennara og fagfólk á sviði menntunar um land allt
- Ráðstefnan Íslenskar æskulýðsrannsóknir haldin 8. apríl og voru þátttakendur um 200 talsins
- 10. maí  verður haldið Menntastefnumót, rafræn uppskeruhátíð Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem haldin er í samvinnu við MVS





- Ný MS námsleið í kennilegri eðlisfræði í samstarfi við Nordita
- Hvatningarviðurkenningar Álklasans afhent 18. apríl
- Rafrænt Kennsluþing VoN 20. apríl. Um 70 kennarar og nemendur ræddu lærdóm af COVID-19 og hvaða mætti nýta áfram eftir að skorðum á starfsemi skólans léttir
- 21. og 25. maí: Meistaradagar VoN
- 25. maí*:* Málþing Verkfræðistofnunar

## FRÁ VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐI

# FRAMUNDAN



# VIÐBURÐIR Á DÖFINNI

- Kjör heiðursdoktora á 110 ára afmæli Háskóla Íslands
- Árlegur fundur með skólameisturum framhaldsskóla
- Háskólalestin og Háskóli unga fólksins fara aftur af stað í vor
- Háskólaþing 25. maí
- Ársfundur Háskóla Íslands 10. júní
- Brautskráning 19. júní

HÁSKÓLI ÍSLANDS